

# KLÓKIR LITLIR KRAKKAR

Skólaþjónusta Reykjanesbæjar | Foreldrafærninámskeið | 26. feb til 16. apríl

## Fyrirkomulag

Námskeiðið verður haldið á tímabilinu 26. febrúar til 16. apríl og er alls sex skipti, tvær klukkustundir í senn. Fyrstu fjögur skiptin eru vikulega, en svo líða tvær vikur á milli fjórða, fimmta og sjötta tíma. Námskeiðið er haldið í Fjölskyldusetrinu við Skólaveg 1.

## Tímasetningar

26. febrúar	kl 17.00-19.00
5. mars	kl 17.00-19.00
12. mars	kl 17.00-19.00
19. mars	kl 17.00-19.00
26. mars	Ekki kennsla
2. apríl	kl 17.00-19.00
9. apríl	Ekki kennsla
16. apríl	kl 17.00-19.00

## Námskeiðsgjald

Námskeiðið er niðurgreitt að stærstum hluta af skólaþjónustu. Par: 10.000 kr / Einstaklingur: 8.000 kr.

Greiða þarf námskeiðsgjald minnst viku fyrir upphaf námskeiðs. Hægt er að greiða með því að millifæra á reikning nr. 121-26-1 kt. 470794-2169, með skýringunni: *Klókir litlir krakkar*. Kvittun greiðslu skal senda á netfangið [einar.t.einarsson@reykjanesbaer.is](mailto:einar.t.einarsson@reykjanesbaer.is)

## Leiðbeinendur

Einar Trausti Einarsson og Kristín Guðrún Reynisdóttir sálfræðingar



## *Klókir litlir krakkar*

Forvarnarnámskeiðið Klókir litlir krakkar er námskeið fyrir foreldra barna í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskólans, sem eru í áhættuhópi fyrir að þróa með sér kvíðaraskanir. Námskeiðið miðar að því að fræða foreldra um eðli kvíða og kenna þeim leiðir til þess að takast á við kvíðahegðun barna sinna og auka sjálfstraust þeirra. Vonast er til að með slíku forvarnarnámskeiði verði hægt að minnka kvíðahegðun barna og í sumum tilfellum koma í veg fyrir að börn þrói með sér kvíðaröskun seinna meir.

## *Hverjir geta sótt námskeiðið?*

Foreldrar barna á aldrinum 3-8 ára sem farin eru að sýna fyrstu merki óöryggis og kvíða. Við skráningu eru foreldrar beðnir um að svara stuttum spurningarlista um stöðu barnsins.

## *Skráning*

Sálfræðingar hjá skólaþjónustu halda utan um skráningu á námskeiðið. Foreldrar skrá sig á námskeiðið á [mittreykjanes.is](http://mittreykjanes.is). Frekari upplýsingar um námskeiðið veitir Einar Trausti í síma 421-6700 og með tölvupósti [einar.t.einarsson@reykjanesbaer.is](mailto:einar.t.einarsson@reykjanesbaer.is)

